

## AUGLÝSING

17

um slit á skemmtunum og öðrum samkomum.

29. jan.

Í framhaldi af auglýsingu um slit á skemmtunum og samkomum, frá 15. jan. þ. á., er lögreglustjórum hér með fengin heimild til að veita þá eina undanþágu frá þeim ákvæðum, sem þar voru sett, að leyfa að skemmtanir og önnur samkvæmi, sem haldin eru á laugardagskvöldum, megi standa til kl. 2 eftir miðnætti.

Reglur þessar taka gildi 1. febrúar n. k.

*Dómsmálaráðuneytið, 29. janúar 1948.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## HAFNARREGLUGERÐ

18

fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.

30. jan.

### I. KAFLI

**Takmörk hafnarinnar.**

1. gr.

Seyðisfjarðarhöfn tekur yfir Seyðisfjörð vestan línu, sem hugsast dregin frá Grýtá í Borgartanga.

### II. KAFLI

**Stjórn hafnarinnar.**

2. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins.

Hafnarnefnd er, auk bæjarstjóra, skipuð þrem mönnum, sem bæjarstjórn kys jafnframt öðrum fastanefndum sínum og til sama tíma. Til aðstoðar þeim skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Skulu þeir ráðnir af bæjarstjórn eftir tillögu hafnarnefndar, sem setur þeim erindisbréf.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmálefna og eftirlit með höfninni og hafnarmannvirkjum, sér um viðhald og umbætur á hvoru tveggja og stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta. Bæjarstjóri annast fjárhald og reikningsskil hafnarsjóðs. Dagleg störf við framkvæmdastjórn og eftirlit annast bæjarstjóri einnig, í samráði við hafnarnefnd.

3. gr.

Eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

4. gr.

Óheimilt er án samþykkis samgöngumálaráðuneytisins að selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af tekjum ársins, sem í hönd fer, að endurnýja lán eða fresta greiðslu þeirra. Enn fremur er óheimilt án samþykkis ráðuneytisins að